



Heiðarskóli — Fréttabréf

Apríl 2010



Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SKÓLAHREYSTI 2010

Um miðjan mars fór fram keppni í 10. riðli í Skólahreysti 2010 í íþróttahúsinu Smáranum. Þar kepptu lið af Reykjanesi og frá Hafnarfirði. Lið Heiðarskóla var skipað þeim Brynjari Frey Garðarssyni, Unnari Má Unnarssyni, Arndísi Snjólaugu Ingvarsdóttur og Alexíu Rós Víktorsdóttur. Hópurinn stóð sig gífurlega vel og vann sinn riðil og er því kominn áfram í úrslitakeppnina sem haldin verður 29. apríl og sýnd í beinni útsendingu á RÚV þann dag. Við óskum liðinu til hamingju með árangurinn og við hlökkum til að sjá hvernig gengur í lok apríl.



Þemadagar - Lönd heimsins

Dagana 18. - 19. febrúar voru þemadagar í skólanum. Þemað í ár var lönd heimsins og unnu nemendur í hópum að því að kynna sér ákveðin lönd. Afrakstur þessa skemmtilega verkefnis má sjá á göngum skólans en einnig voru gerðar stuttmyndir.



Stærðfræðikeppni grunnskólanna

- * Mánudaginn 22. mars, fór fram verðlaunaafhending í stærðfræðikeppni grunnskólanna á Suðurnesjum. Eftirtaldir nemendur Heiðarskóla fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur.
- * Aðalsteinn Hólm Guðjónsson 8. HE, Ásdís Birta Magnúsdóttir 8. HE og Esther Elín Þórðardóttir 8. EP. Þessi þrjú lentu öll í sætum 6 - 10.
- * Alexía Rós Víktorsdóttir 9. AÓ hreppti 2. sætið í sínum aldurflokki, Sara Lind Ingvarsdóttir 9. ÞJ hreppti 5. sætið í sínum aldursflokki og Erla Sigurjónsdóttir 9. ÞJ lenti í 6. - 10. sæti.
- * Sigurjón Freyr Víktorsson 10. MJ hreppti 4. - 5. sætið ásamt nemanda úr Holtaskóla og Anita Eva Viðarsdóttir 10. MJ lenti í 6. - 10. sæti.



Árshátíð Heiðarskóla

Árshátíð Heiðarskóla var haldin 19. mars sl. og var hátíðin þrískipt. Sú hefð hefur skapast í Heiðarskóla að allir nemendur í 1. - 7. bekk koma á svið á árshátíðinni og taka þátt í að gera þennan dag eftirminnilegan.

Nemendur í 1. bekk dönsuðu og sungu og nemendur í 2. bekk komu á svið undir stjórn forskólakennara Tónlistarskólans og umsjónarkennara sinna og sungu lög og spiluðu á blokkflautur. Nemendur í 3. bekk sýndu tvö atriði. Stúlkurnar sungu og dönsuðu við lag úr Mamma Mia og drengirnir lásu upp fróðleik um Michael Jackson og dönsuðu við lag eftir hann. Þá sýndu tveir nemendur Heiðarskóla þau Aníta Lóa í 6. bekk og Kristófer Haukur í 8. bekk samkvæmisdansa ásamt dansfélögum sínum á öllum hátíðunum. Nemendur í 4. bekk enduðu svo fyrstu árshátíðina með því að sýna leikrit um hvernig lífið var í gamla daga og fléttuðu inn í það söguna um Helgu bóndadóttur.

Á árshátíð 5. - 7. bekkja stigu nemendur á svið og sýndu fjölbreytt atriði. Nemendur í 5. bekk sýndu leikrit um Mjallhvíti og dvergana 12 og voru einnig með hæfileikakeppni. Nemendur í 6. bekk settu á svið stutt leikrit og fegurðasamkeppni og nemendur í 7. bekk voru með Kastljóspátt þar sem þekktir stjórnámálmenn, íþróttamenn og fleiri komu í heimsókn.

Nemendur í 8. - 10. bekk hafa undanfarnar vikur verið að æfa leikritið Gulli ormur og var það frumsýnt á árshátíðinni. Verkið er nútímaútgáfa af sögunni um Gunnlaug ormstungu þar sem lögum er fléttað inn í atburðarásina á skemmtilegan hátt. Verkið var samið af Bryndísi Jónu Magnúsdóttur og leikstjórar auk hennar voru María Óladóttir og Guðný Kristjánsdóttir



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram 4. mars. Heiðarskóli átti tvo fulltrúa í keppninni þau Bjarna Fannar Bjarnason og Karenu Jónsdóttur. Þau stóðu sig bæði mjög vel og Bjarni Fannar lenti í öðru sæti. Þá voru nemendur Heiðarskóla einnig að spila á hljóðfæri á lokahátíðinni. María Rose Bustos nemandi í Heiðarskóla sem hlaut annað sætið í fyrra kynnti ljóðskáld hátíðarinnar. Allir nemendur Heiðarskóla stóðu sig mjög vel og óskum við Bjarna Fannari til hamingju með annað sætið.



Náttúrufræðival í ferðum

Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið valgrein þar sem verið er að læra náttúrufræði á fjölbreyttan hátt. Í ár hafa nemendur í þessu vali farið í fjölmargar ferðir. Fiskverkun í Garði hefur verið skoðuð, farið var í heimsókn til líffræðikennara í FS og gerðar tilraunir og safnið Orkuverið jörð skoðað.



Endurskinsvesti

- ★ FFGÍR, foreldrafélögin í Reykjanesbæ og
- ★ Sparisjóðurinn í Keflavík komu færandi hendi í
- ★ Heiðarskóla og gáfu öllum börnum í 1. og 2.
- ★ bekk endurskinsvesti.
- ★ Það er einlæg ósk þeirra að vestin komi að
- ★ góðum notum í skammdeginu og myrkrinu.
- ★ Börn sem ganga ekki í skólann geta verið með
- ★ vestin í skólatöskunni því kennarar fara oft í
- ★ vettvangsferðir og þá er gott að grípa í vestin.



Skemmtilegar stundir í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk hafa verið að gera margt skemmtilegt síðustu vikur. Nemendur í 7. BJ fengu að prófa að kafa í skólasundlauginni með alvöru útbúnaði og nemendur í 7. EA heimsóttu lögreglustöðina.



Hátíðarkvöldverður

Sú hefð hefur skapast í Heiðarskóla að nemendur í 10. bekk og starfsfólk skólans borðar saman hátíðarkvöldverð sama kvöld og árshátíð grunnskólanna fer fram. Foreldrar nemenda sjá um allan undirbúning, eldamennsku og þjóna til borðs. Kvöldið var að venju glæsilegt og skemmtilegt og að loknum matnum voru teknar myndir af útskriftarhópnum.



3. bekkur KG

3. bekkur heimsótti Mjólkursamsöluna. Þar fá nemendur fræðslu um hvernig mjólk og fleira er unnið.



Ein af lúðrasveitum Tónlistarskóla Reykjanesháskólans kom í heimsókn í Heiðarskóla og var með tónleika ásamt nemendum í 2. bekk sem sungu og spiluðu á blokkflautur.